Viðbót- staðsetning, byggingaleyfi, framkvæmdaleyfi.

Leyfisveitingar hjá Umhverfiseftirliti á síðunni reykjavik.is er /var eftirfarandi:
Áður en sótt er um starfsleyfi eða skráningu skal umsækjandi fá staðfestingu byggingarfulltrúa á að húsnæði og starfsemi sé í samræmi við skipulag og ákvæði byggingarreglugerðar. Umsækjandi skal jafnframt hafa gengið úr skugga um að húsnæðið og starfsemin sem ætlunin er að starfrækja starfsemi í, sé í samræmi við síðustu samþykktu teikningar af húsnæðinu.

Þessi texti var með svo stóru bláu letri á https://reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit/starfsleyfi-skraningar en stuttu seinna þegar ég var að leita að starfsleyfinu á þessari síðu, var þessi texti horfinn !!!

Samkvæmt skipulagslögum er vald til að skipuleggja land innan marka sveitarfélags í höndum sveitarstjórna, sbr. 3. mgr. 3. gr. laganna. Svo sem rakið er í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um aðalskipulagsgerð frá árinu 2003, gildir almennt að í aðalskipulagi skuli setja fram alhliða bindandi stefnu um landnotkun í viðkomandi sveitarfélagi sem grundvöll fyrir deiliskipulagsgerð og mannvirkjagerð, sbr. 4. kafla skipulagsreglugerðar. Þó sé einnig hægt að lýsa sjónarmiðum og hugmyndum í aðalskipulagi sem ekki séu bindandi. Í sömu leiðbeiningum segir á öðrum stað að aðalskipulag móti ramma fyrir deiliskipulag einstakra hverfa, svæða eða reita, bæði byggðra og óbyggðra. Í deiliskipulagi skuli útfæra nánar markmið og ákvæði aðalskipulags. Í samræmi við þetta er í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 tekið fram að allur atvinnurekstur sem sótt sé um starfsleyfi fyrir skuli vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum.

Ekkert deiliskipulag er fyrir svæði ÍÞ 9 á Álfsnesi en skv. 44.gr laga/2010 um skipulag :

Þegar sótt er um byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag en deiliskipulag liggur ekki fyrir getur sveitarstjórn eða sá aðili sem heimild hefur til fullnaðarafgreiðslu mála, sbr. 6. gr., ákveðið að veita megi leyfi án deiliskipulagsgerðar ef framkvæmdin er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Skal skipulagsnefnd þá láta fara fram grenndarkynningu. Þegar um er að

ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi skal skipulagsnefnd láta fara fram grenndarkynningu, sbr. 2. og 3. mgr. 43. gr.] [1)]

Engin byggingarleyfi eru á svæði S.R. utan eins leyfis fyrir 4 skot turnum. Ekkert byggingarleyfi er fyrir félagshúsi og það sem talið er upp í leyfinu frá byggingarfulltrúa stenst ekki eins og áður er getið í fyrri kafla mínum um sama mál.

Reykjavíkurborg hefur tvisvar fundað með íbúum um skipulag svæðisins. Í fyrra skiptið 17.03.2024 vegna breytinga á Aðalskipulaginu 2040. Sá fundur var ekki auglýstur meðal íbúa, heldur var komið inn á mjög fámennan Íbúaráðsfund og sagt frá breytingunni, öllum að óvörum, enda fundurinn ekki auglýstur sem slíkur. Skipulagsstofnun varð að endurbirta breytt AR 2040. Ferlið hófst að nýju, fjölmennur kynningarfundur var haldinn og fjöldi umsagna barst Skipulagsstofnun frá íbúum við báðum þessum auglýsingum í Skipulagsgátt.

Eiginlegar grenndarkynningar hafa engar verið.

Í gr. 4.3.1. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, þar sem fjallað er um viðfangsefni og efnistök aðalskipulags, segir að í skipulagsgögnum skuli gera grein fyrir og marka stefnu um „neðangreind" málefni og setja þau fram með ákvörðunum um landnotkun, eftir því sem við á. Þar á meðal eru nefnd „opin svæði, útivist og íþróttir". Kemur fram að marka skuli stefnu fyrir slík svæði sem varði „aðstöðu til íþróttaiðkana, fyrirkomulag og tengsl opinna svæða sem ætluð eru til útivistar og íþróttaiðkunar." „Helstu atriði sem varða aðstöðu og mannvirkjagerð í tengslum við notkun svæðanna, og aðrar skipulagsforsendur sem þörf er á fyrir gerð deiliskipulags."

Þetta hefur ekki verið gert á svæðinu.

Skipulagsstofnun gerir athugasemdir við gerð AR 2040 sjá bls 154 í meðfylgjandi pdf. skjali :I Í greinargerð kemur fram að um tímabundna rástöfun lands er að ræða fyrir þessa starfsemi, eða allt að árslokum 2028. Í ljósi athugasemda sem bárust á auglýsingartíma, og þar sem starfsleyfi mun byggja á ákvæðum aðalskipulags en ekki deiliskipulagi eins og dæmi eru um á sambærilegum svæðum á landinu mælir Skipulagsstonun með að sett verði nánari skilyrði í aðalskipulagstillögunni fyrir útgáfu starfsleyfis t.a.m. vegna hljóvarna eda itarlegri skilyrdi en sett eru fram i kafla 5. i upptalningu mótvægisagerda í greinargerð. Skilgreina mætti nánar mótvægisaðgerir með það a markmiði a draga úr neikvæðum áhrifum og ónæði vegna starfseminnar. Setja t.d. fram fortakslausari skilmála um fyrirkomulag skotsvæda, m.a. fyrirkomulag skotstefnu, umfang, hæðir og ákvæði um hljóðmanir umhverfis haglabyssuskotsvæði og annarra hljóvarna, ásamt skilmálum um hvaða aðferum verði beitt við mælingar à hávadamengun.

Skipulagssvið Reykjavíkurborgar breytti ekki skilyrðum í kafla 5 eins og Skipulagsstofnun mælti með. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur minnkar kröfurnar til rekstraraðila við útgáfu starfsleyfa og S.R. uppfyllir þó ekki þau skilyrði sem HER setur.

Sigríður Ingólfsdóttir

Reykjavík 12.11.2026

Hávaði, hávaðamælingar

Í breytingu á AR2040 fyrir ÍÞ skotæfingasvæði á Álfsnesi síðan 30.07.2024 eru sett fram skilyrði fyrir starfsemina ...

..HER gefur út starfsleyfi enn á ný án þess að skilyrðin séu uppfyllt. Í starfsleyfinu er farið framhjá því hvað starfsleyfið á að innihalda...**eftirfarandi skilyrði og mótvægisaðgerðir, í það minnsta.** Í meðf. starfsleyfi S.R. bls 18 gr.6.7. Rekstraraðili skal leggja fram tímasettar tillögur ekki síðar en 15. maí 2027. Það er óviðunandi, að þrem árum eftir að HER og rekstraraðilum er kunnugt um þau skilyrði sem AR2040 kveður á um er HER að veita skotfélaginu viðbótartíma til að koma með tillögur. Framkvæma þarf tillögurnar. Þessu átti **öllu að vera lokið áður en starfsleyfið var gefið út.**

AR2040 3. Markmið og tilgangur. Eitt af þremur meginmarkmiðum tillögugerðar :
Að leita leiða til að draga úr og lágmarka umhverfisáhrif af skotæfingasvæðunum, meðan þau eru staðsett á Álfsnesi.

Það er óásættanlegt fyrir íbúa sem búið hafa við þessa hljóðmengun í áratugi að HER gefi út nýtt starfsleyfi áður en framkvæmdum við hávaðavarnir og mælingar óháðra hljóðsérfræðinga að þeim loknum liggi fyrir **áður** en starfsleyfið var gefið út.
HER getur ekki lengur látið rekstraraðila (S.R.) draga að þessum úrbótum ljúki, eins og margoft hefur komið fram. Ekkert ætti að standa í vegi þess. Nú eru komnar leiðbeiningar frá UST, AR2040 með skilyrðum, langur tími til að aðhafast framkvæmdir og hljóðmælingarnar ásamt úrskurði UUA 36/2025 í sambærilegu máli Skotreynar. Íbúar geta hvorki beðið eftir nýrri reglugerð um hljóðmælingar frá Umhverfis- Orku og Loftslagsráðuneyti sem var í Samráðsgátt í júlí 2025, en hefur enn ekki litið dagsins ljós né lagningu Sundabrautar sem kynnt var fyrir íbúum í lok síðustu aldar.
Kært er athafnaleysi HER við að tryggja hljóðvarnir síðustu 18 ár..
Frekari rannsókna sé krafist til að fá raunsanna mynd af þeim hávaða sem frá skotsvæðunum stafi. Í stað þess að reikna inni á skrifstofu eða framkvæma mælingar að því er virðist á mismunandi vegu, ættu mælingarnar að eiga sér stað á meðan skotmenn æfa á nokkrum brautum með þeim byssum og skotum sem notast er við að jafnaði, án tilkynningar. Þannig væri hægt að mæla hljóðmengunina sem íbúar hafa kvartað yfir í öll þessi ár.

Sjá meðfylgjandi: Skotfélag Reykjavíkur. Umsögn Trivium vegna hljóðvistar.

Sigríður Ingólfsdóttir

ráðgjöf
TRIVIUM

Umsögn vegna umsóknar um starfsleyfi fyrir skotæfingasvæði á Álfsnesi

Hávaðamælingar og mótvægisaðgerðir

Umsögn þessi er unnin að beiðni íbúa við norðanverðan Kollafjörð, í nágrenni skotæfingasvæðis Skotfélags Reykjavíkur á Álfsnesi. Félagið hefur sótt um starfsleyfi með umsókn, dags. 13.08.2026. Með umsókninni fylgir skýrsla Brekke & Strand með niðurstöðum hávaðamælinga frá skotsvæðinu við nálæga íbúabyggð við norðanverðan Kollafjörð.

Við afgreiðslu umsóknarinnar þarf að leggja ríka áherslu á að fyrirbyggja verulegt og ítrekað ónæði og draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum hávaða á heilsu og lífsgæði íbúa í nálægri byggð, í samræmi við markmið reglugerðar um hávaða nr. 724/2008. Samkvæmt 8. gr. reglugerðarinnar er forráðamönnum fyrirtækja og stofnana skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af hans völdum.

Aðstæður við skotsvæðið á Álfsnesi eru óhagstæðar frá sjónarhóli íbúa við norðanverðan Kollafjörð. Skotstefna er að hluta til í norðlægar áttir, í beina átt að byggðinni, yfir harðan vatnsflöt Kollafjarðar og í átt að Esju. Við slíkar aðstæður er óvarlegt að líta fram hjá mögulegum áhrifum endurkasts skothvella frá Kollafirði og Esju.

Norræna reikniaðferðin NT ACOU 099 – Shooting Ranges: Prediction of Noise gerir sérstaklega ráð fyrir mati á endurkasti skothávaða. Í viðauka A kemur fram að vegna stefnuvirkni skothávaða geti hljóðendurkast orðið ráðandi.

Niðurstöður hávaðamælinga Brekke & Strand, sem fylgja starfsleyfisumsókninni, koma verulega á óvart. Samkvæmt framlagðri skýrslu mælist hljóðstig við Móavík frá haglabyssuskotum L_{AIeq} = 69,9 dB á meðan reiknilíkan fyrirtækisins vegna starfsleyfisumsóknar Skotreyn gaf L_{AI} = 75–80 dB á sama stað. Fyrirliggjandi mælingar Trivium gáfu L_{AImax} = 85 dB við Móavík.

Þessi frávik þarf að skýra. NT ACOU 099 gerir ráð fyrir að óvissa aukist þegar um er að ræða hljóðendurkast frá vatnsfleti og/eða fjalllendi. Að mati undirritaðs er því ekki fullnægjandi að byggja leyfisveitingu á fyrirliggjandi hljóðmælingum einum. Endurtaka ætti hljóðmælingar og hávaðakortlagningu frá skotsvæðum á Álfsnesi af óháðum aðila áður en starfsleyfi er gefið út. Þetta samræmist rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, samkvæmt henni skal stjórnvald sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

Í ljósi framangreinds og með hliðsjón af sögu skotsvæðisins á Álfsnesi; með stöðugum kvörtunum íbúa í Kollafirði allar götur frá árinu 2002 þegar starfsemin hófst, ber stjórnvöldum að gæta varúðar. Í samræmi við rannsóknarreglu stjórnsýsluréttar og varúðarreglu ber stjórnvaldi að meta möguleg áhrif á heilsu, umhverfi og hagsmuni almennings áður en nýtt starfsleyfi er gefið út. Í þessu ljósi er rétt að miða fremur við lægri en hærri mörk leyfilegs skothávaða við íbúabyggðina skv. gildandi sænskum leiðbeiningum, Riktlinjer för skjutbanor, þ.e.a.s. $L_{AI} \leq 65$ dB en ekki $L_{AI} \leq 75$ dB

S

ráðgjöf
TRIVIUM

Umsögn vegna umsóknar um starfsleyfi fyrir skotæfingasvæði á Álfsnesi

Hávaðamælingar og mótvægisaðgerðir

Umsögn þessi er unnin að beiðni íbúa við norðanverðan Kollafjörð, í nágrenni skotæfingasvæðis Skotfélags Reykjavíkur á Álfsnesi. Félagið hefur sótt um starfsleyfi með umsókn, dags. 13.08.2026. Með umsókninni fylgir skýrsla Brekke & Strand með niðurstöðum hávaðamælinga frá skotsvæðinu við nálæga íbúabyggð við norðanverðan Kollafjörð.

Við afgreiðslu umsóknarinnar þarf að leggja ríka áherslu á að fyrirbyggja verulegt og ítrekað ónæði og draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum hávaða á heilsu og lífsgæði íbúa í nálægri byggð, í samræmi við markmið reglugerðar um hávaða nr. 724/2008. Samkvæmt 8. gr. reglugerðarinnar er forráðamönnum fyrirtækja og stofnana skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af hans völdum.

Aðstæður við skotsvæðið á Álfsnesi eru óhagstæðar frá sjónarhóli íbúa við norðanverðan Kollafjörð. Skotstefna er að hluta til í norðlægar áttir, í beina átt að byggðinni, yfir harðan vatnsflöt Kollafjarðar og í átt að Esju. Við slíkar aðstæður er óvarlegt að líta fram hjá mögulegum áhrifum endurkasts skothvella frá Kollafirði og Esju.

Norræna reikniaðferðin NT ACOU 099 – Shooting Ranges: Prediction of Noise gerir sérstaklega ráð fyrir mati á endurkasti skothávaða. Í viðauka A kemur fram að vegna stefnuvirkni skothávaða geti hljóðendurkast orðið ráðandi.

Niðurstöður hávaðamælinga Brekke & Strand, sem fylgja starfsleyfisumsókninni, koma verulega á óvart. Samkvæmt framlagðri skýrslu mælist hljóðstig við Móavík frá haglabyssuskotum L_{AIeq} = 69,9 dB á meðan reiknilíkan fyrirtækisins vegna starfsleyfisumsóknar Skotreyn gaf L_{AI} = 75–80 dB á sama stað. Fyrirliggjandi mælingar Trivium gáfu L_{AImax} = 85 dB við Móavík.

Þessi frávik þarf að skýra. NT ACOU 099 gerir ráð fyrir að óvissa aukist þegar um er að ræða hljóðendurkast frá vatnsfleti og/eða fjalllendi. Að mati undirritaðs er því ekki fullnægjandi að byggja leyfisveitingu á fyrirliggjandi hljóðmælingum einum. Endurtaka ætti hljóðmælingar og hávaðakortlagningu frá skotsvæðum á Álfsnesi af óháðum aðila áður en starfsleyfi er gefið út. Þetta samræmist rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, samkvæmt henni skal stjórnvald sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

Í ljósi framangreinds og með hliðsjón af sögu skotsvæðisins á Álfsnesi; með stöðugum kvörtunum íbúa í Kollafirði allar götur frá árinu 2002 þegar starfsemin hófst, ber stjórnvöldum að gæta varúðar. Í samræmi við rannsóknarreglu stjórnsýsluréttar og varúðarreglu ber stjórnvaldi að meta möguleg áhrif á heilsu, umhverfi og hagsmuni almennings áður en nýtt starfsleyfi er gefið út. Í þessu ljósi er rétt að miða fremur við lægri en hærri mörk leyfilegs skothávaða við íbúabyggðina skv. gildandi sænskum leiðbeiningum, Riktlinjer för skjutbanor, þ.e.a.s. $L_{AI} \leq 65$ dB en ekki $L_{AI} \leq 75$ dB